

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 2. febrúar 2022.

Mál nr. E-8054/2020:

**Protabú Harrow House ehf.**

(*Bjarni Aðalgeirsson lögmaður*)

**gegn**

**Jóni Ó. Ragnarssyni**

(*Sveinn Jónatansson lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 11. janúar 2022, var höfðað 4. desember 2020 af þrotabúi Harrow House ehf., Borgartúni 26, Reykjavík, á hendur Jóni Ó. Ragnarssyni, [...], Reykjavík.

Stefnandi gerir þá dómkröfu að stefnda verði gert að greiða stefnanda 12.913.593 krónur ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af þeirri fjárhæð frá 8. desember 2020 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að rift verði með dómi skuldajöfnuði, sem í bókhaldi stefnanda er miðað við að farið hafi fram 30. júní 2019, þannig að kröfur stefnanda á hendur stefnda, samtals að fjárhæð 12.913.593 krónur, voru færðar niður á móti kröfu Hótel Valhallar ehf. á hendur stefnanda. Einnig er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda 12.913.593 krónur ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af þeirri fjárhæð frá 8. desember 2020 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara að þær verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar.

## I

### Málsatvik

Bú stefnanda var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 1. apríl 2020. Hafði beiðni um gjaldþrotaskipti verið lögð fram 31. júlí 2019. Innköllun var birt í Lögbirtingablaðinu 7. apríl 2020 og var skiptafundur haldinn 22. júní 2020. Engar eignir voru í búinu við upphaf skipta. Félagið rak veitingastaðinn Primo að Þingholtsstræti 1, Reykjavík.

Stefndi er faðir Valdimars Jónssonar, sem var eigandi alls hlutafjár í Harrow House ehf. og eini stjórnarmaður félagsins. Fyrir liggur að Harrow House ehf. leigði

fasteignina Þingholtsstræti 1 í Reykjavík af Hótel Valhöll ehf., sem er í eigu stefnda.

Fyrir liggur að Harrow House ehf. ráðstafaði, með 14 millifærslum, alls 9.840.000 krónum inn á bankareikning stefnda á tímabilinu frá 13. apríl 2016 til 21. ágúst 2018. Voru allar millifærslurnar færðar í bókhald Harrow House ehf. sem krafa á hendur stefnda. Ekki er þar að finna frekari skýringar á þessum millifærslum. Stefndi tók einnig út vörur og þjónustu hjá Harrow House ehf. og stofnaði þannig til skulda við félagið. Vegna slíkra úttekta voru færðar í bókhald Harrow House ehf. kröfur að fjárhæð 914.370 krónur á hendur stefnda. Loks var eldri krafa á hendur stefnda að fjárhæð 2.159.223 krónur í bókhaldi Harrow House ehf., sem hafði verið færð á viðskiptamannareikning hans úr eldra bókhaldskerfi félagsins.

Hinn 30. júní 2019 var skráð í bókhald Harrow House ehf. færsla þar sem hluta af kröfu Hótel Valhallar ehf., sem stefndi er eigandi að og stjórnarmaður í, var skuldajafnað á móti útistandandi kröfu stefnda á Harrow House ehf. Engir vextir voru færðir vegna þessara færslna. Engin gögn liggja fyrir til grundvallar umræddri færslu.

## II

### *Málsástæður stefnanda*

Stefnandi byggir á því að með millifærslum af reikningum Harrow House ehf., með úttektum af veitingastaðnum Primo og öðrum skuldum sem stefndi hafi stofnað til við Harrow House ehf. hafi stofnast fjárkröfur á hendur stefnda sem nemi þeim greiðslum og verðmætum sem til hans hafi runnið.

Aðalkrafa stefnanda byggist á því að stefndi hafi stofnað til skuldar við Harrow House ehf. sem nemi samtals 12.913.593 krónum og að sú skuld sé ógreidd. Lögmæt skuldajöfnun hafi ekki átt sér stað þegar sú skuld var færð niður á móti kröfu Hótel Valhallar ehf. Krafan sé því enn ógreidd og beri stefnda að greiða stefnanda umrædda fjárhæð á þeim grundvelli.

Stefnandi byggir á því að um sé að ræða fjármuni sem Harrow House ehf. hafi greitt stefnda án endurgjalds og samhliða því hafi stofnast fjárkrafa á hendur honum. Beri stefndi ábyrgð á að endurgreiða það fé sem Harrow House ehf. greiddi honum. Þegar ekki liggi fyrir samningur um lán beri skuldara að endurgreiða lán þegar kröfuhafi krefjist þess. Þessar skuldir séu ógreiddar og byggir stefnandi á því að þær séu enn til staðar.

Stefnandi byggir á því að horfa eigi fram hjá skuldajöfnun í bókhaldi Harrow House ehf. Ekki liggi fyrir önnur gögn um skuldajöfnunina en færsla í bókhaldi. Liggi þannig ekki fyrir skuldbindandi yfirlýsing um skuldajöfnun stefnda á móti kröfu Hótel Valhallar ehf. Ekki sé um að ræða gagnkvæmar kröfur enda séu stefndi og Hótel Valhöll sinn hvor aðilinn. Liggi ekkert fyrir um að krafa Hótel Valhallar ehf. hafi verið framseld stefnda. Grundvallarskilyrðinu um gagnkvæmni krafna hafi því ekki verið fullnægt. Beri því að horfa fram hjá umræddri skuldajöfnun.

Stefnandi vísar einnig til þess að skilyrði 100. gr. gjaldþrotaskiptalaga hafi ekki verið uppfyllt. Hafi skuldajöfnun því verið óheimil og geti ekki talist hafa farið fram. Þrjú skilyrði séu í umræddu ákvæði fyrir því að unnt sé að skuldajafna á móti kröfu þrotabús og þurfi þau öll að vera uppfyllt svo skuldajöfnun verði heimil. Hafi ekkert þeirra verið uppfyllt. Skuldajöfnunin hafi ekki átt sér stað innan þess tímamarks sem ákvæðið miðar við. Stefndi hafi mátt vita að félagið átti ekki fyrir skuldum, enda sé hann nákominn aðili í skilningi 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Þá verði ekki annað séð, hafi framsal á annað borð átt sér stað á kröfu frá Hótel Valhöll til stefnda, en að það hafi verið í þeim tilgangi að beita skuldajöfnuði gagnvart Harrow House ehf.

Varakrafa stefnanda felur í sér riftun greiðslu með skuldajöfnun ef slík skuldajöfnun telst hafa farið fram. Í bókhaldi Harrow House ehf. sé viðmiðunardagur skuldajöfnunar 30. júní 2019 og teljist það vera fyrsti dagur sem til greina komi að skuldajöfnun hafi átt sér stað. Frestdagur í málinu sé 31. júlí 2019. Hafi skuldajöfnun því farið fram rúmum mánuði fyrir frestdag og því innan sex mánaða tímamarka riftunarreglna laga um gjaldþrotaskipti. Verði niðurstaðan að skuldajöfnun hafi átt sér stað sé því byggt á að eftirgjöf eða greiðsla kröfunnar með skuldajöfnuði sé riftanleg, samanber 131., 134. eða 141. gr. gjaldþrotaskiptalaga, samanber 136. gr. og 100. gr. laganna.

Stefnandi byggir fjárkröfu sína í varakröfu á 1. og 3. mgr. 142. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

#### *Málástæður stefnda*

Stefndi byggir á því að greiðslur Harrow House ehf. til hans hafi verið hluti af leigugreiðslum félagsins til Hótel Valhallar ehf. sem greiddar hafi verið beint til stefnda að fyrirmælum leigusalans, Hótel Valhallar ehf.

Hvað varðar úttektir stefnda úr Harrow House ehf. þá hafi þær ekki verið einkaúttektir hans heldur hafi þetta verið úttektir Hótel Valhallar ehf., sem síðar hafi verið jafnað út á móti leigukröfum félagsins. Það sama eigi við um eldri skuld sem verið hafi á viðskiptamannareikningi stefnda hjá Harrow House ehf.

Stefndi kveður það vera ótrúverðugt og í andstöðu við alla skynsemi að stefndi hafi tekið lán hjá Harrow House ehf. á meðan félagið skuldaði félagi, sem var alfarið í eigu stefnda og undir hans stjórn, háar fjárhæðir. Sé sá málalíbúnaður ótrúverðugur, rangur og ósannaður auk þess sem hann sé í andstöðu við þau viðskipti sem voru milli aðila allt frá árinu 2015.

Stefndi telur að ekki verði byggt á þeim gögnum sem stefnandi leggur fram enda sé þar um að ræða einhliða færslur í bókhaldi Harrow House ehf. sem séu stefnda óviðkomandi.

Stefndi mótmælir því að um hafi verið að ræða greiðslur án endurgjalds stefnda. Þvert á móti hafi þetta verið greiðslur fyrir afnot af húsnæði í eigu félags stefnda, sem hafi verið nauðsynlegt Harrow House ehf. til að afla tekna.

Stefndi mótmælir því að skuldajöfnun hafi átt sér stað á miðju ári 2020. Stefndi hafi ekki skuldað Harrow House ehf. og engin bein viðskipti hafi verið milli hans og félagsins. Hafi því enginn skuldajöfnuður farið fram enda enginn grundvöllur fyrir honum. Ekki hefði verið unnt að framkvæma slíkan skuldajöfnuð án atbeina stefnda eða eftir atvikum með tilkynningum til hans svo að honum gæfist þá tækifæri til að mótmæla slíkum skuldajöfnuði.

Hvað varðar varakröfu sína þá byggir stefndi á því að allar greiðslur til hans hafi verið réttmætar sem hluti af leigugreiðslum þeim sem stefnanda hafi borið að greiða Hótel Valhöll ehf. og voru greiddar að hluta beint til stefnda samkvæmt fyrirbætur hans sjálfs fyrir hönd Hótel Valhallar ehf. Allar greiðslur til stefnda frá stefnanda hafi samkvæmt því verið lögmætar greiðslur á hluta af leigugreiðslum stefnanda.

Hvað varðar vísun stefnanda til 131. gr. gjaldþrotaskiptalaga þá vísar stefndi til þess að ljóst sé að um hafi verið að ræða leigugreiðslur frá Harrow House ehf. til stefnda á grundvelli reikninga. Ekki hafi því verið um gjafagerning að ræða.

Stefndi mótmælir því að hin meinta gjöf hafi rýrt eignir skuldarans þar sem um hafi verið að ræða nauðsynlega greiðslu fyrir það húsnæði sem rekstur stefnda fór fram í. Þá hafi greiðslurnar ekki leitt til eignaaukningar fyrir stefnda eða Hótel Valhöll þar sem félagið hafi látið í té verðmæti í formi afnota af fasteign í staðinn fyrir greiðsluna.

Stefndi mótmælir því að riftun verði byggð á 134. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Um hafi verið að ræða skuld við Hótel Valhöll ehf. sem greidd hafi verið stefnda beint samkvæmt fyrirbætur hans. Engin skilyrða 134. gr. gjaldþrotaskiptalaga hafi verið uppfyllt. Um hafi verið að ræða greiðslu með peningum, ekki hafi verið greitt fyrr en eðlilegt var og greiðslurnar hafi ekki skert greiðslugetu þrotamanns á þeim tíma sem þær voru greiddar, enda frekar of lágur en of háar miðað við þau afnot sem Harrow House ehf. hafi notið af fasteign Hótel Valhallar ehf. Greiðslurnar hafi auk þess verið venjulegar eftir atvikum.

Stefndi kveður hvorki stefnda né Hótel Valhöll ehf. hafa verið kunnugt um að Harrow House ehf. væri ógjaldfært eða að fram væri komin beiðni um gjaldþrot. Þá hafi umræddar greiðslur verið nauðsynlegar í þágu atvinnurekstrar Harrow House ehf. Sú staðreynd að fyrrum forsvarsmaður Harrow House ehf. og stefndi séu feðgar hafi ekki þýðingu við úrlausn málsins.

Stefndi mótmælir því að 141. gr. gjaldþrotalaga eigi við í málinu. Um hafi verið að ræða leigugreiðslur sem á engan hátt hafi verið stefnda til hagsbóta með ótilhlýðilegum hætti á kostnað annarra kröfuhafa. Greiðslurnar hafi verið nauðsynlegur þáttur í rekstri Harrow House ehf. og skilyrði þess að félagið gæti aflað tekna.

Stefndi kveðst ekki hafa vitað um ógjaldfærni Harrow House ehf. og enn síður að leigugreiðslur félagsins stuðluðu að ógjaldfærni þess. Hvað varðar sönnunarmat vísar stefndi til þess að stefnandi beri sönnunarbyrði um ógjaldfærni og grandsemi stefnda um hana. Ekkert liggi fyrir um slíkt í málinu. Ekki verði byggt eingöngu á skyldleika stefnda við fyrrverandi forsvarsmann Harrow House ehf. um þetta atriði.

Stefndi mótmælir því einnig að honum hafi borið skylda til að kanna stöðu stefnanda. Verði honum ekki metið til gáleysis að hafa ekki leitað upplýsinga um stöðu Harrow House ehf. enda verði slík krafa ekki almennt lögð á leigusala eða forsvarsmenn hans.

Stefndi kveður ekki liggja fyrir viðunandi málsástæður til stuðnings því að beita skuli riftunarheimildum þeim sem vísað er til heldur láti stefnandi nægja að fullyrða að skilyrði séu til beitingar þeirra heimilda. Verði að hafna þeim málátilbúnaði og þeim kröfum sem hann byggir á.

Stefnandi telur að hafna beri riftun á umræddum greiðslum og því beri einnig að hafna endurgreiðslukröfu stefnanda á grundvelli 142. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Með sama hætti hafnar stefndi tilvísun stefnanda til 46. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

### III

#### *Niðurstaða*

Í máli þessu liggur fyrir að Harrow House ehf. greiddi alls 9.840.000 krónur inn á bankareikning stefnda á árunum 2016 til 2018. Þá liggur fyrir að í bókhaldi Harrow House ehf. voru skráðar á stefnda úttektir á vörum og þjónustu að fjárhæð 914.370 krónur. Loks liggur fyrir að í bókhaldi Harrow House ehf. var skráð eldri skuld stefnda við Harrow House ehf. að fjárhæð 2.159.223 krónur. Heldur stefndi því fram að í raun hafi verið um að ræða greiðslur á skuldum Harrow House ehf. við einkahlutafélag hans, Hótel Valhöll ehf., vegna leigu sem og úttektir og eldri skuld þess félags. Hinn 30. júní 2019 voru umræddar skuldir stefnda færðar niður í bókhaldi Harrow House ehf. með skuldajöfnuði á móti kröfu Hótel Valhallar ehf.

Ekki verður fallist á það með stefnda að umræddar greiðslur á bankareikning hans hafi verið vegna leigu Harrow House ehf. á fasteign Hótel Valhallar ehf. Þótt Hótel Valhöll ehf. hafi verið og sé í eigu stefnda þá er um að ræða sjálfstæðan lögaðila sem ekki verður samsamaður eiganda sínum með þeim hætti sem stefndi heldur fram í málinu. Greiðslur Harrow House ehf. til stefnda verða því ekki taldar vera greiðslur til Hótel Valhallar ehf. Þótt Harrow House ehf. hafi á þeim tíma skuldað félaginu fyrir húsaleigu. Til þess að svo yrði þyrftu að liggja fyrir samningar, fyrirmæli eða önnur gögn sem sýndu fram á eða gerðu sennilegt að svo hefði verið. Svo er ekki í máli þessu.

Sama á við um úttektir stefnda á vörum og þjónustu Harrow House ehf. og eldri skuld hans við félagið. Að mati dómsins liggur ekki annað fyrir í málinu en að um hafi verið að ræða úttektir og skuldir stefnda sjálfs en ekki Hótel Valhallar ehf..

Eins og áður var rakið var skuld stefnda við Harrow House ehf. færð niður á móti kröfu Hótel Valhallar ehf. á félagið hinn 30. júní 2019. Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða dómsins að fallast á það með stefnanda að þarna hafi ekki farið fram lögmætur skuldajöfnuður. Ekki hafi verið um að ræða gagnkvæmar kröfur enda, eins og áður var rakið, sinn hvor aðilinn sem í hlut átti. Þá liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á að krafan hafi verið framseld. Er því fallist á það með stefnanda að horfa beri fram hjá umræddri skuldajöfnun við úrlausn málsins.

Með hliðsjón af þessu fellst dómurinn á það með stefnanda að stefndi hafi stofnað til skuldar við Harrow House ehf. að fjárhæð samtals 12.913.593, sem sé ógreidd. Er því fallist á aðalkröfu stefnanda í málinu.

Með hliðsjón af úrslitum máls þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað eins og nánar greinir í dómsorði, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Jón Ó. Ragnarsson, greiði stefnanda, Harrow House ehf., 12.913.593 krónur ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af þeirri fjárhæð frá 8. desember 2020 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 900.000 krónur í málskostnað.

Björn Þorvaldsson (sign.)